



Ársskýrsla 2008

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2008 var með svipuðu sniði og undanfarin ár, fyrsta mánuð ársins. Frá og með 1. febrúar varð stórbreyting á safninu og öllu starfi þar.

Opnunartími: Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 11.00-17.00, eins og undanfarin ár.

Starfslið: Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður var í 50% starfi til 1. febrúar. Engin starfsemi var á vegum safnsins vegna Sigmundsverkefnisins á árinu.

Þann 1. febrúar fjölgaði starfsmönnum safnsins úr einu 50% starfshlutfalli í fjórar 100% stöður í kjölfarið á samkomulagi Þjóðskjalasafns og Vestmannaeyjabæjar um innsláttarverkefnið. Héraðsskjalavörður fór í 100% starf og 6 starfsmenn komu til starfa á safninu, allir í 50% starf. Þetta eru þær: Aldís Atladóttir, Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir, Birna Kristín Þórhallsdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir, Sif Gylfadóttir og Særún Ágústsdóttir. Þarna varð bylting í allri starfsemi safnsins og var útbúin starfsaðstaða fyrir starfsmenn safnsins í húsnæði Byggðasafnsins á 3 hæð Safnahússins. Jafnframt var aðstaða héraðsskjalavarðar flutt af 2 hæð í sama húsnæði. En forsenda fyrir því að fá manntalsverkefnið til Eyja var að héraðsskjalavörður færi í heila stöðu.

Fyrirspurnir og gestir: Skráðar voru 40 (42) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 16 (24). Fimmtudaginn 22. maí kom hópur nema frá Barnaskóla Vestmannaeyja í heimsókn á safnið ásamt kennara sínum Ólafi Lárussyni. Markmiðið var að kynna sér starfsemi skjalasafna.

Aðföng: Aðföng til safnsins á árinu voru um 250 (350) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og ber að þakka gefendum fyrir þær.

Aðföng ársins 2008:

- Frá Bókasafni Vestmannaeyja
- Frá Bridgefélagi Vestmannaeyja
- Frá Byggðasafni Vestmannaeyja
- Frá Halldóri Gunnlaugssyni, héraðslækni
- Frá Hitaveitu Suðurnesja
- Frá Nýsköpunarstofu
- Frá Rannsóknar- og fræðasetri Vestmannaeyja
- Frá Sorpu

Frá Sparisjóð Vestmannaeyja
Frá Surtseyjarstofu
Frá Tónlistarfélagi Vestmannaeyja
Frá Vestmannaeyjabæ
Frá Vinnuskóla Vestmannaeyja
Úr fórum Arnodds Gunnlaugssonar, Gjábakka
Úr fórum Guðfinnu Kjartaníu Ólafsdóttur
Úr fórum Júlíu Rósu Kristinsdóttur, frá Löndum
Úr fórum Sigrúnar Lilju Kristinsdóttur, frá Löndum
Úr fórum Þorsteins Jónssonar, Laufási

Norræni skjaladagurinn: Laugardaginn 8. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni var þema dagsins “gleymdir atburðir”. Var hugmyndin sú að rifja upp atburði í sögu þjóðarinnar sem ekki eru í hávegum hafðir þessa stundina eða hafa þokað nokkuð til hliðar. Að þessu sinni tók safnið ekki þátt í deginum og er þetta í fyrsta sinn sem Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja tekur ekki þátt í Norræna skjaladeginum.

Manntalsverkefni:

Góðir gestir sóttu okkur heim í byrjun febrúar. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, Eiríkur Guðmundsson sviðstjóri upplýsingasviðs, Benedikt Jónsson og Brjánn Fransson starfsmenn Þjóðskjalasafns. Með þeim hingað kom Lasse Sonne frá Danmörku, sem nú hefur gefið út skýrslu um ferð sína þar sem meðal annars er sagt ýtarlega frá tilraun Þjóðskjalasafns með innsláttarverkefnið. Skýrslan nefnist Kulturarvens muligheder I almen kompetenceudvikling : kortlægningsrapport, og var gefin út af Nordisk Center for kulturarvspædagogik, 2009.

Þann 12. febrúar undirrituðu þjóðskjalavörður og bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum verksamning á milli Þjóðskjalasafns og Vestmannaeyjakaupstaðar, en samningurinn felur í sér samkomulag um sérstaka starfstöð við Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja. Þessi samningur er hluti af sértækum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar í þorskveiðum og felst í skráningu á manntölum Íslendinga inn í sérstakan gagnagrunn sem mun svo í framtíðinni verða aðgengilegur á tölvutæku formi. Á árinu var lokið við að skrá manntölin 1870 og 1860 inn í grunninn, og hafist var handa við innslátt á manntalinu 1845. Manntalið 1870 var komið í leitarbært form á heimasíðu Þjóðskjalasafns fyrir árslok.

Fundir og námskeið:

Héraðsskjalavörður og nýjir starfsmenn safnsins sóttu tveggja daga námskeið hjá Þjóðskjalasafni 5. og 6. febrúar þar sem markmiðið var hvort tveggja að kynna hlutverk og starfsemi Þjóðskjalasafns, og kynning á verkefninu um stafræna gerð manntala, gagnagrunninn og verklag. Þetta námskeið var haldið sérstaklega fyrir okkur frá Eyjum vena innsláttarverkefnisins og þótti mikilvægt að allir starfsmennirnir tækju þátt í því.

Héraðsskjalavörður sótti árlegan fund héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns í Stykkishólmi 15. september og í framhaldinu Vest-nordiske arkivdage 16. – 18. september á sama stað. En, þriðja hvert ár koma skjalaverðir frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi saman á ráðstefnu og bera saman bækur sínar og miðla hver öðrum af þekkingu sinni og reynslu. Mun næsta ráðstefna verða haldin í Færeyjum að þremur árum liðnum.

Úttekt:

Þjóðskjalasafn Íslands lét gera úttekt á starfsemi héraðsskjalasafnanna á árinu og kom skýrslan út í nóvember, undir nafninu "Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð". Megintilgangurinn var að safna saman á einn stað upplýsingum um stöðu safnanna gagnvart hvert öðru, hverjir væru helstu erfiðleikar þeirra og hvar úrbóta væri þörf. Þessi skýrsla verður söfnunum vonandi öflugt hjálpartæki í sífældri baráttu þeirra fyrir betri skjalastjórn hjá sveitarfélögunum. Allavega er þarna komið hjálpartæki sem verður að reyna að nota til hins ýtrasta.

Vestmannaeyjum í maí 2009

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður